

Upplýsingar um persónuvernd fyrir hæfileikafólk Tesla

Hjá Tesla hyggjumst við breyta heiminum. Til þess að svo megi verða notum við gögn á margvíslegan hátt til að til að byggja upp og viðhalda teymi framúrskarandi hæfileikafólks eins og þín. Það breytir þó ekki því að við leggjum og munum alltaf leggja mikla áherslu á persónuvernd þína og gagnaöryggi. Við viljum því útskýra á gagnsæjan hátt hvernig og hvers vegna við söfnum, geymum, birtum og vinnum á annan hátt úr persónuupplýsingum þínum.

1. Úr hvaða persónuupplýsingum vinnum við?

Pegar þú sækir um starf hjá okkur kann persónuupplýsingum að vera safnað og unnið úr þeim af Tesla Inc. eða, ef þú ert utan Bandaríkjanna, af [Tesla aðila á staðnum](#) (saman „Tesla“). Með persónuupplýsingum er átt við allar upplýsingar sem tengjast þér og auðkenna þig, eða hægt væri að nota til að auðkenna þig, þar á meðal eftirfarandi flokkar:

- Nafn, heimilisfang og samskiptaupplýsingar;
- Námsgaga, prófgráður, skírteini og þátttaka í félagsstörfum;
- Fæðingardagur, aldur, þjóðerni, upplýsingar um búsetu og atvinnuleyfi, hjúskapar- eða sambúðarstaða, kyn, tungumál, fötlun eða aðrar heilbrigðistengdar takmarkanir, myndir, tómsundaiðja og áhugamál;
- Kennitala, ökuskríteini, skilríki, vegabréf og vegabréfsáritunargögn, eins og heimild er fyrir eða krafist í gildandi lögum;
- Starfsumsóknareyðublaðið þitt ásamt meðfylgjandi upplýsingum, kynningarbréf, ferilskrá, fyrri störf, verkefni og ábyrgð, meðmæli, starfsréttindi og önnur viðeigandi hæfni;
- Bakgrunnsupplýsingar og/eða lánshæfismat ef slíkt er heimilt samkvæmt gildandi lögum, starfsmannamat og önnur frammistöðugreining, launaferill;
- Með fyrirvara um gildandi lög á staðnum og í tilteknum afmörkuðum tilgangi getur Tesla einnig fengið upplýsingar um til dæmis menntun þína og starfsreynslu, samskiptaupplýsingar, lýðfræðilegar upplýsingar og lánshæfi frá gagnaveitum þriðju aðila sem hafa rétt til að veita okkur upplýsingar um þig. Ef

okkur ber skylda til þess samkvæmt gildandi lögum gætum við enn fremur þurft að staðfesta að þú sért ekki á lista yfir opinberar refsiaðgerðir eða öðrum útilokunarlista hjá stjórnvöldum.

2. Hvernig söfnum við persónuupplýsingum þínum?

Stærstur hluti persónuupplýsinganna sem okkur berast eru upplýsingar sem þú afhendir Tesla beint sem hluti af umsóknar- og viðtalsferlinu. Við getum einnig fengið upplýsingar frá þriðja aðila, til dæmis atvinnumiðlunum á netinu, ráðningaraðilum, samfélagsmiðlum eða frá öðru starfsfólki ef umsókn var send gegnum tilvísunarkerfi okkar.

Ef þú hefur sent inn umsókn gegnum þriðja aðila er unnið úr persónuupplýsingunum sem þú deilir í samræmi við persónuverndarstefnu og verklagsreglur þessa þriðja aðila.

3. Til hvers notum við persónuupplýsingarnar þínar?

Unnið verður úr öllum persónuupplýsingum sem þú veitir Tesla í tengslum við (i) þá tilteknu stöðu sem þú hefur sótt um, og (ii) aðrar lausar stöður innan Tesla, núna og í framtíðinni, sem gætu hentað þér ef þú kýst að koma til greina fyrir önnur tækifæri.

Tesla vinnur úr persónuupplýsingunum þínum þegar lagalegur grundvöllur er fyrir því, sérstaklega þegar:

- Það er nauðsynlegt til að vinna úr umsókn þinni um mögulegt starf.
- Þú samþykkir vinnsluna.
- Vinnslan er áskilin samkvæmt gildandi lögum (t.d. til að framfylgja lögum um skatta og almannatryggingar, eða fylgja fyrirmælum dómstóla eða opinberum tilskipunum).
- Við, eða þriðji aðili, höfum brýna lögmæta hagsmuni af því að nota persónuupplýsingar þínar, til dæmis til að veita öllum öruggt vinnuumhverfi eða til að vernda Tesla gegn þjófnaði eða svikum.

Af þeim sökum kunnum við að nota persónuupplýsingar þínar í eftirfarandi tilgangi:

- Til að bera kennsl á umsækjendur, eiga samskipti við þá og bóka viðtöl, þar á meðal sinna ferðaundirbúningi.
- Til að leggja mat á umsóknir og niðurstöður matsprófa og kanna meðmæli.

- Til að gera starfsfólki Tesla kleift að mæla með umsækjendum og fylgjast með stöðu innsendra meðmæla.
- Til að gera bakgrunnsathuganir og staðfesta fyrri störf og menntun að því marki sem gildandi lög leyfa.
- Til að bæta ráðningarferli okkar.
- Til að hafa samband við þriðja aðila í neyðartilvikum.
- Til að vernda lagaleg réttindi Tesla að því marki sem lög leyfa.

4. Flutningur persónuupplýsinga

Tesla er alþjóðlegt fyrirtæki og leitar starfsfólks um allan heim. Með því að senda inn persónuupplýsingar þínar á netinu samþykkirðu að upplýsingarnar megi flytja til Tesla í Bandaríkjunum og annarra landa en heimalandi þínu eða landinu þar sem upplýsingunum var upphaflega safnað.

Við munum eingöngu flytja persónuupplýsingar frá Evrópska efnahagssvæðinu, Bretlandi og Sviss til Bandaríkjanna eða annarra þriðju landa í samræmi við gildandi lög, og höfum innleitt [staðlaða samningsskilmála ESB](#) varðandi flutning persónuupplýsinga til þriðju landa til að vernda þær með fullnægjandi hætti.

Tesla kann einnig að biðja um samþykki þitt fyrir flutningi persónuupplýsinga þinna til annars lands, þar sem landslög krefjast þess.

5. Öryggi persónuupplýsinga

Tesla notar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar þínar gegn tapi, misnotkun og óheimiluðum aðgangi, birtingu, breytingum og eyðingu. Öryggisráðstafanirnar eru innleiddar og þeim viðhaldið í samræmi við laga-, skipulags- og tæknikröfur.

6. Deiling á persónuupplýsingum

Tesla getur notað þjónustuveitur þriðja aðila sem Tesla gerir samning við sem hluta af venjulegum rekstri sínum til að sinna ákveðnum aðgerðum sem tengjast mannaúði eða upplýsingatækni (til dæmis hýsingarþjónustu). Tesla mun (i) velja slíka utanaðkomandi þjónustuveitendur af kostgæfni og (ii) tryggja að slíkir utanaðkomandi

Þjónustuveitendur geri viðunandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar þínar og að slíkir utanaðkomandi þjónustuveitendur fái fyrirmæli um að nota persónuupplýsingar þínar samkvæmt leiðbeiningum Tesla og ekki í öðrum tilgangi. Að auki getum við miðlað persónuupplýsingum þínum:

- Eins og gildandi lög krefjast eða heimila, til dæmis í tengslum við beiðnir frá stjórnvöldum,
- Þegar leitað er ráðgjafar hjá utanaðkomandi lögfræðingum,
- Ef nauðsyn krefur til að tryggja öryggi starfsfólks okkar, viðskiptavina, þín eða annars einstaklings,
- Sem hluti af sölu, úthlutun eða flutningi á hluta af eða öllum viðskiptum okkar.

7. Varðveisla persónuupplýsinga

Ef þú hlýtur ekki starfið mun Tesla geyma prófílinn þinn í 9 mánuði eftir að viðeigandi ráðningarferli lýkur (þetta tímabil getur verið mismunandi eftir því frá hvaða landsvæði þú hefur sótt um). Auk þessa og með þínu samþykki gætu upplýsingar þínar verið varðveittar á skrá vegna atvinnutækifæra í framtíðinni. Að því tímabili loknu, eða ef þú dregur samþykki þitt til baka, verður gögnunum þínum eytt eða fargað. Ef þú hlýtur þá stöðu sem þú hefur sótt um hjá Tesla geymum við þær upplýsingar í umsókninni sem þú veittir sem hluta af starfsmannaskrá þinni.

8. Spurningar um persónuvernd

Í ákveðnum lögsagnarumdæmum gætirðu átt rétt á að fá aðgang að, flytja, leiðrétta og eyða persónuupplýsingum þínum. Til að nýta þér þennan rétt, afturkalla samþykki þitt eða ef þú hefur aðrar spurningar varðandi þessa tilkynningu skaltu hafa samband við privacy@tesla.com. Ef þú dregur samþykki þitt til baka getur það leitt til þess að Tesla geti ekki unnið úr umsókn þinni. Athugaðu að afturköllun hefur ekki áhrif á lögmæti vinnslu upplýsinganna þinna áður en þú dregur samþykki þitt til baka.



Þú hefur einnig rétt til að senda kvörtun til viðeigandi yfirvalds sem ber ábyrgð á gagnavernd í þínu landi/búsetustað, vinnustað eða þar sem meint gagnaverndarbrot átti sér stað.